



Reykjavík 7. febrúar 2022

MSS22010171

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

*Efni: Umsögn um tillögu borgarstjóra, dags 25. janúar 2022, um samstarf við Höfða  
fríðarsetur um framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis.*

Vísað er til bréfs, dagsett 7. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um tillögu borgarstjóra um samstarf.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,  
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra



Reykjavík 7. febrúar 2022

MSS22010171

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.

**Sendandi:** Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra.

---

*Efni: Umsögn um tillögu borgarstjóra, dags 25. janúar 2022, um samstarf við Höfða friðarsetur um framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis.*

Þjónustu- og nýsköpunarsvið tekur undir framkomna tillögu borgarstjóra um samstarf við Höfða friðarsetur og framkvæmd samfélagshraðalsins Snjallræðis á árinu 2022.

Snjallræði er hraðall fyrir samfélagslega nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sem hóf göngu sína í október 2018. Markmiðið með hraðlinum er að veita þeim einstaklingum sem brenna fyrir bættu samfélagi vettvang til að þróa hugmyndir sínar áfram og finna þeim sjálfbæran farveg. Að hraðlinum standa: Höfði friðarsetur og Háskóli Íslands í samstarfi við MIT designX, Listaháskóla Íslands, Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, Háskólann í Reykjavík, og vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.

Hraðallinn byggir á hönnunarsprettum sem haldnir eru í samstarfi við MIT designX. Teymin í Snjallræði fá að kynnast nýjustu nálgunum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar þar sem hönnun, viðskipti, vísindi og tækni skarast. Þau fá öfluga þjálfun og ráðgjöf við gerð virðisgreininga, þarfagreininga, hagaðilagreininga og uppsetingu á sjálfbæru viðskiptamódeli svo eitthvað sé nefnd. Teymin sem taka þátt læra einnig að efla tengslin við nærsamfélagið, átta sig á hvar áskoranir liggja, setja sig í fótspor þeirra sem þær ná til og afla sér þekkingar til að móta nýjar leiðir til að takast á við áskoranir í takt við samfélagslega þróun.

Meðal nýsköpunarverkefna sem áður hafa sprottið upp og notið góðs af Snjallræði eru: *Bergið*, stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri; *Tré lífsins*, nýr valkostur við lífsolk ásamt tré í minningargarði; *GreenBytes*: lausn þar sem sölugögn, reiknirit og vélanám er nýtt til að draga úr matarsóun á veitingastöðum; *Rephaiiah*, óhagnaðardrifin samtök sem hafa það að markmiði að framleiða lífsnauðsynleg lyf fyrir ung börn í Malaví.

Auk þess að veita nýjum samfélagslegum nýsköpunarhugmyndum brautargengi er Snjallræði vettvangur um aukið samstarf við atvinnulífið um nýjar lausnir með áherslu á umhverfi og samfélag. Endurspeglast það í öflugum hópi bakhjarla úr atvinnulífinu sem staðið hafa að baki viðburðinum í gegnum árin svo sem Deloitte, Landsvirkjun, Össur og Marel.



Að viðburðinum koma fagfólk og sérfræðingar á heimsmælikvarða á sviði samfélagslegrar nýsköpunar svo sem Svafa Grönfeldt og samstarfsfélagar hennar frá MIT og Harvard í Bandaríkjunum. Þátttakendur fá þar að auka vinnustaðstöðu í Grósku hugmyndahúsi og hafa þar með óheft aðgengi að frekari innblæstri, samtali og stuðningi á framkvæmdartímanum sem og kraftmiklu samfélagi sköpunar. Þá leiðbeinir net mentora þátttakendum, miðlar af reynslu sinni og styður teymin áfram við að þróa lausnirnar áfram og koma þeim í framkvæmd.

Til viðbótar við að styðja við Græna Planið fellur tillagan að markmiðum gildandi atvinnustefnu Reykjavíkurborgar og áherslu hennar á kröftuga athafna og nýsköpunarborg þar sem stutt er við nýsköpunarviðburði sem veita einstaklingum og sprotafyrirtækjum tækifæri til að þróa og þroska hugmyndir sínar. Með framtakinu styður Reykjavíkurborg jafnframt við viðburð þar sem frumkvöðlar, fjárfestar og aðrir sem koma að nýsköpun í borginni geta hist og kynnst og byggt upp tengslanet og kannað frekari samstarfsmöguleika.

Töluverð reynsla hefur nú hlotist af framkvæmd viðburðarins og er viðburðurinn miðað við uppleggið, líklegur til að uppfylla áfram kröfur um gæði og fagmennsku í allri umgjörð sinni, skipulagi, framkvæmd og kynningu. Þá hefur snjallræði alla burði til að hafa jákvæð áhrif og skilja eftir sig raunveruleg verðmæti úti í samfélaginu.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Karen María Jónsdóttir,  
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra